

Þriðji fundur Deltadeildar haldinn í Héraðsskólanum í Reykholti 23. nóvenber 2023. Konur úr uppsveitum Borgarfjarðar sáu um undirbúning fundarins í samráði við formann. Á fundinn mættu átta Deltakonur.

Fundurinn hófst í Héraðsskólanum kl. 17:30:

Halldóra formaður setti fundinn, bauð konur velkomnar og flutti kveðjur frá þeim sem ekki konumst. Jónína Eiríksdóttir kveikti á kertum.

Þórunn Reykdal var með Orð til umhugsunar sem hún nefndi *Rætur mínar*. Minntist hún þar foreldra sinna en í ár eru 50 ár liðin frá því að móðir hennar dó og 30 ár frá því að faðir hennar féll frá. Móðir hennar Lóunn Eylands var fyrst íslenskra kvenna til að læra lyfjafræði. Hóf hún námið við háskólann í Minnesota en tók lokaprófið frá University of Berkley 1943. Faðir hennar, Þórarinn J. Reykdal, nam verkfræði við Massachusetts Institute of Technology. Foreldrar hennar kynntust í veislu hjá Valdimari Björnssyni, ræðismanni í Minnesota. Sagði Þórunn okkur frá æskuárum sínum og fjölskyldu. Foreldrar Þórunnar voru bæði listfeng og mikið hagleiksfólk og liggja eftir þau mörg falleg verk. Sýndi hún okkur sjálfsmynd unna í mósaik sem móðir hennar gerði úr íslensku grjóti og myndskreytingar sem faðir hennar gerði við jólasögu sem hann samdi. Sagði Þórunn okkur einnig frá sögunni en til stendur að gefa hana út.

Þá var gert hlé á dagskrá og kvöldverður snæddur á Fosshóteli í Reykholti. Að kvöldverði loknum var dagskrá haldið áfram í Héraðsskólanum þar sem boðið var upp á kaffi og dýrindis súkkuladi souffle.

Þórunn Reykdal var með aðalerindi fundarins þar sem hún fjallaði um skáldsöguna *Hýbýli vindanna* eftir Böðvar Guðmundsson. Þetta er skáldsaga um vesturfarana og segir frá ævi og örlögum Ólafs fólín og konu hans Sæunnar. Á bókarkápu segir m.a.: „Ólafur fíólín er kenndur við hljóðfærið sem Jörundur hundadagakonungur gaf föður hans á leið sinni úr landi en að fiðlunni frátekinni er fát konunglegt við lífhlaup Ólafs í Borgarfirði og norðan heiða“. Ólafur og Sæunn fluttu til Vesturheims eftir að hafa búið við mikla fátækt og basl hér á Íslandi. Þar tókst þeim, ásamt öðrum landnemum, að nema land vestan Winnipeg-vatns og stofna nýlendu í nágrenni við indjána. Þórunn fór í máli og myndum yfir söguvið bókarrinnar eins og það gerist hér á Íslandi. Erindið var hluti af námskeiði í umsjá Þórunnar sem nefnist *Hýbýli vindanna og Lífsins tré – Myndbrot af söguslóðum*. Námskeiðið er haldið á Kirkjubóli í Borgarfirði og er á vegum Litlu menntabúðinnar sem er í eigu Ingibjargar Kristleifsdóttur, fyrrum félagskonu í DKG. Síðasta námskeið var haldið nú í september en þá tók höfundurinn Böðvar Guðmundsson þátt í því og mun væntanlega gera svo aftur þegar námskeiðið verður endurtekið með vorinu. Þess má geta að ábúandinn á Kirkjubóli er Ragnar Sigurðsson, bróðursonur Böðvars Guðmundssonar. Að loknum áhugaverðu erindi Þórunnar voru málin rædd.

Dregið var í happdrættinu og fékk Jensína vinninginn að þessu sinni. Fundi lauk kl. 20.30 og héldu konur ánægðar til sín heima.

Fundargerð ritaði Ásta Egils